



Minjasafn Austurlands – Laufskógum 1 – 700 Egilsstaðir
 471-1412 – www.minjasafn.is – minjasafn@minjasafn.is



MINNINGARTAFLA UM JÓN OG ÞÓREYJU





Minningartafla um Jón og Póreyju

Varðveisla og viðgerð

Minningartafla var gerð um þau Jón Þorsteinsson Skjöld (1771–1827) og Póreyju Jónsdóttur (1772–1843) eftir lát Póreyjar. Taflan var hengd upp í Valbjófsstaðarkirkju þar sem Pórey var jörðuð, en Jón var jarðsettur á Hjaltastað.

Taflan er dönsk smíð og var komin í kirkjuna árið 1850 þegar biskup vísitaraði Valbjófsstað. Hún hékk á kórpili gömlu kirkjunnar í um 100 ár. Eftir að nýja kirkjan var byggð 1966 fór minningartaflan í geymslu, þá farin að þarfnast viðgerðar.

Frá árinu 1990 hafa margir lýst áhuga á því að minningartaflan yrði gerð upp. Undirbúningur hófst árið 2005 og á vetrarmánuðum 2007 tók Viktor Smári Sæmundsson forvörður við verkinu og hann sá um viðgerð og hreinsun.

Fjöldmargir lögðu hönd á plóg til að þetta yrði að veruleika. Niðjar vefarahjónanna kostuðu verkið. Sóknarnefnd Valbjófsstaðarkirkju ákvað síðan að afhenda Minjasafni Austurlands töfluna til varðveislu.



I Lofsverða Minningu Merkis Hjónanna

Vefara Jóns ÞórsteinsSonar Skjolds og Póreyar Jonsdottur

Fæddust Hann 1771 Giftust dóu Hann 17 Octobr. 1827
Hún 1772 28 Junii 1797 Hún 19 Julii 1843

*Þeirra Jarðneskuleifar hvíla nú í helgra Reitum
Hanns að Hjaltastað. Hennar að Valbjófsstað*

Pó lögð væru þañig

Lík í Moldu
aðskilin um
árin segstan

Hann var grandvar

að hegðan allri
Guðelskandi
og góða Menn
Gøfugt bjó Hjarta í
glöðu brjósti
Þolugt og þrautgott
í þjáningum Heims

Guðsríkis þañig

gótu rakti
Stiltur Ráðvandur
í Stöðu sinni
fjekk því að Umbun
alt er hann þurfti
og fullsælu heilna
hiá Frelsara Kristi

Fjögur Børn enna
frægu Hjóna
fóru þeim undan
til Feðra sinna
Tju enn lifa
tigna ráð Dróttins
trega Foreldra
uns teingast þeim aptur

Ástarband þeirra

aptur á himnum
öblugar knýtti
hiñ Ástríki Guð


Hennar Lífkryndu

háleit merki
Himnesks hjartalags
í hegðun allri
Móður og Mann-ást
meður Guðsótta
auðkeñdu einkum
allt hennar Líf

Því rækti hún og

með rögsemd stakri
Húss- og Hjúskapar
helgar Skyldur
Yðni Sparsemi
Atork' og þrifnað
einkar staðföst
til enda dægurs

Aldrei mun glatast
orðstýr góður
Gøfugra Hjóna
þó grøf hýlji
Látinn sá lifir
er lifði eins Drottni
sem Jón og Pórey
hin þokkasælu





Vefaraættin

Niðjar

Jóns Þorsteinssonar Skjöld vefara og Þóreyjar Jónsdóttur

Vefaraættin er meðal fjölmennustu ætta á Fljótsdalshéraði sem rekja má frá ættforeldrum fæddum undir lok 18. aldar. Niðjar Jóns Þorsteinssonar Skjöld vefara og Þóreyjar Jónsdóttur munu nú vera um 7000 talsins og eru dreifðir víða um land, svo og um Bandaríkin og Kanada.

Jón Þorsteinsson vefari var fæddur á Krossi í Landeyjum 1771. Foreldrar hans voru séra Þorsteinn Stefánsson prestur þar og kona hans Margrét Hjörleifsdóttir frá Valbjófsstað í Fljótsdal. Jón var þriðji yngstur af átta börnum þeirra, en auk hans komu þrjú systkinin mjög við sögu Austurlands: Bergljót, prestsfrú á Valbjófsstað; séra Hjörleifur á Hjaltaastað og séra Guttormur á Hofi í Vopnafirði.

Séra Þorsteinn lést 1784 og skömmu síðar fluttist Margrét ekkja hans ásamt yngstu börnum þeirra austur á Fljótsdalshérað. Hún dvaldi síðan til æviloka (1809) á heimili dóttur sinnar Bergljótar og eiginmanns hennar, séra Vigfúsar Ormssonar á Valbjófsstað.

Árið 1788 sigldi Jón til Danmerkur, 17 ára að aldri, til að læra vefnað í Brahetrolleborg á Fjóni. Þar ytra dvaldi hann við nám og störf næstu árin og tók þá upp eftirnafnið Schiöld eða Skjöld. Árið 1794 (eða 1796) fluttist hann aftur til Íslands og settist að á Valbjófsstað hjá systur sinni og mági. Meðferðis hafði hann vefstól og önnur verkfæri til að geta stundað iðn sína og kennt öðrum hana.

Þann 28. júní 1797 kvæntist Jón vefari Þóreyju Jónsdóttur frá Hnefilsdal (f. 1772). Foreldrar hennar voru Jón Stefánsson, bóndi á Torfastöðum og Sleðbrjót í Jökulsárhlíð, og kona hans, Vilborg Magnúsdóttir. Brúðkaup þeirra stóð á Valbjófsstað þar sem Jón var til heimilis. En vorið 1798 hófu þau Jón og Þórey búskap á Viðivöllum ytri í tvíbýli við önnur hjón. Árið eftir fluttu þau að Höfða á Völlum og bjuggu þar til vors 1801 er þau fengu ábúð á kristfjárjörðinni Arnheiðarstöðum í Fljótsdal. Þar bjuggu þau til vors 1816 er þau þurftu að rýma

jörðina. Þá lá leið þeirra út að Kóreksstöðum í Hjaltaastaðabínghá í nábyli við bróður Jóns, séra Hjörleif á Hjaltaastað, en með þeim bræðrum var alla tíð mjög kært.

Á Kóreksstöðum stundaði Jón vefnað og gegndi hreppstjórastörfum til æviloka, en hann lést 17. október 1827 "af meinlætum og uppköstum", aðeins 56 ára að aldri. Hann var jarðsettur á Hjaltaastað fimm gögum síðar. Nokkur síðustu árin bjó í tvíbýli við Jón og Þóreyju dóttir þeirra (Halla), ásamt eiginmanni sínum og börnum, en þau brugðu þar búi árið 1841. Þá fluttist Þórey að Klyppsstað í Loðmundarfirði til sonar síns, séra Jóns Austfjörð. Hún lést 19. júlí 1843, á ferðalagi uppi í Fljótsdal þar sem hún var að heimsækja eitthvert barna sinna. Þórey var jarðsett á Valbjófsstað 24. júlí.

Jón vefari og Þórey eignuðust 14 börn í eftirfarandi aldursröð: 1) **Halla** (1798–1874), húsfreyja á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal; 2) **Þorsteinn** (1799–1881), bóndi í Brekkugerði í Fljótsdal; 3) **Þorbjörg** (1800–1884), húsfreyja á Ketilsstöðum á Völlum; 4) **Margrét** (1801–1863), húsfreyja í Vestdal í Seyðisfirði; 5) **Pétur** (1803–1883), prestur í Berufirði og á Valbjófsstað í Fljótsdal; 6) **Bergljót** (1804–1822); 7) **Vigfús** (1805–1805); 8) **Haldóra** (1808–1852); 9) **Sigríður** (1807–1835); 10) **Einar** (1810–1883), bóndi á Skeggjastöðum í Fellum; 11) **Jón Austfjörð** (1810–1870), prestur á Klyppsstað og Kirkjubæ í Hróarstungu; 12) **Þóra** (1811–1855), prestsfrú á Dvergasteini og í Vallanesi; 13) **Snjófríður** (1812–1866), húsfreyja í Vopnafirði; 14) **Una** (1815–1815).

Af börnum Jóns og Þóreyjar létust tvö (Vigfús og Una) í frumbersku og tvær dætur þeirra (Bergljót og Sigríður) giftust ekki né áttu afkomendur. Frá hinum 10 börnum þeirra hjóna er komin hin fjölmenna **Vefaraætt**.

Gunnlaugur Haraldsson



Austfirskir vefarar

og ullarvinnsla í Múlasýslum á 18. öld

Fyrstu heimilisvefsmiðju sem vitað er til að hafi starfað í Múlasýslum má rekja til framtaks séra Jóns Högnasonar á Hallormsstað, og síðar Hólmum í Reyðarfirði. Árið 1779 sendi hann sýnishorn af þremur tegundum klæðis sem hann hafði látið vefa hjá sér til skoðunar og verðlagningar í Kaupmannahöfn. Var vel tekið í tilraunir prestsins og var hann hvattur til að þróa vefnaðinn áfram. Hann væri vel gerður, nægjanlega góður til innanlandsnota og það frambærilegur að almenningur þyrfti ekki að kaupa erlend klæði hjá kaupmönnum. Var Jóni heitið verðlaunum síðar ef vel tækist til með áframhaldið. Ofið var í stólnum í nokkur ár hið minnsta.

Á níunda áratug 18. aldar fengu nokkur ungmenni úr Múlasýslum styrk yfirvalda í Kaupmannahöfn til að lærða vefnaðarhandverk í Danmörku. Alls fóru á þriðja tug Íslendinga utan í þessum erindagjörðum, víða af að landinu. Vefstólar voru einnig sendir til landsins og árið 1783 var Jóni Sveinsyni sýslumanni sendur einn slíkur, sem ætlaður var "Syðri Múlasýslu" sem hluta af "konungslegum verðlaunum og náðargjöfum til framkvæmdar bjargræðisvegnum á Íslandi", eins og segir í bréfinu.

Árið 1785 fóru þau Guðmundur Þorsteinsson frá Lambeyri og Ólöf Bjarnadóttir frá Stuðlum til Kaupmannahafnar. Ætluin var að þau myndu starfa við fyrirhugaða vefsmiðju á Eskifirði, en kaupstaður var stofnaður þar 1786. Hugmyndin að baki vefsmiðjunni var að hún yrði miðstöð verkþekkingar fyrir sveitirnar. Vefstólar fengust til landsins, en voru ekki notaðir og ekki varð af stofnun vefsmiðjunnar.

Einn vefari af Fljótsdalshéraði var meðal þeirra sem fóru utan árið 1788, Jón Þorsteinsson Skjöld (1771–1827), sem hin svokallaða Vefaraætt er kennd við. Hann kom heim aftur árið 1794 með vefstól í farteskinu

og settist að Viðivöllum í Fljótsdal. Síðar fluttist hann að Höfða á Völlum, þá í Arnheiðarstaði og endaði ævina á Kóreksstöðum árið 1827. Hann lagði mikla stund á iðn sína og kenndi öðrum. Í lok 18. aldar var heimilisíðnaður útbreiddur og sokkar, vettlingar og peysur algeng útflutningsvara úr Austfirðingafjórðungi. Með vefsmiðjustarfsemi var ætluin að efla vefnaðinn og taka upp nýjar aðferðir við verkið byggðar á verkþekkingu handiðnaðarmanna í Evrópu. Nokkrum áratugum áður en þessi austfirsku ungmenni voru send til náms, höfðu umfangsmiklar tilraunir verið gerðar til að efla ullariðnaðinn í landinu á vegum Innréttlinganna svokölluðu. Fyrsta vefsmiðja þeirra var stofnuð á Leirá í Borgarfirði 1751, undir stjórn Þjóðverjans Adam Ritt-er. Vitað er um fimm vefara sem lærðu handverkið hjá honum á sjötta áratug 18. aldar, þar af voru þrjú þeirra úr Múlasýslum.

Jóhannes Tómasson nokkur réði sig strax á fyrsta ári í læri til Ritters. Hann er talinn hafa verið úr Múlasýslu. Haft fyrir satt að Jóhannes hafi giftst spunakonu á Leirá, dóttur meistara síns, og þau flutt austur á land en ekki orðið langlíf. Af annarri heimild má ráða að Jóhannes hafi flust til Danmerkur til frekara náms og síðan sest að í Eyjafirði, með vefstól sem hann hefði haft með sér heim í farteskinu.

Pétur Kolbeinsson (f. 1730–1778) er annar vefari sem lærði iðnina á Leirá og er meira um hann vitað en Jóhannes. Faðir hans var Kolbeinn Tunisson, og vitað er að hann bjó um þetta leyti á Bónastöðum í Hjaltaastaðabíngsókn og síðan í Snjóholti í Egilsstaðabíngsókn. Hann vann lengi í vefsmiðjum Innréttlinganna, bæði á Leirá, Bessastöðum og í Reykjavík.

Brynjólfur Jónsson er þriðji vefarinn sem sagt er að hafi komið að austan á fyrstu árum Innréttingavefsmiðjanna. Brynjólfur var ungur

Þegar hann hleypti heim-
draganum, var 14–15 ára
þegar hann réði sig að Leirá.
Þar starfaði hann fyrst í
nokkur ár, og síðan áfram við
tauvefsmiðjuna í Reykjavík,
a.m.k. fram yfir 1760. Vel er
líklegt að hann hafi starfað
þar áfram. Um 15 árum síðar
var hann orðinn ráðsmaður
Ólafs Stephensens amt-
manns á Leirárbúinu.

Allt frá miðri 17. öld var lítið
á stofnun vefsmiðja sem
allsherjarlausn margra þeirra
sem skrifuðu um hagrænar
breytingar og framfarir
landshaga. En þótt margir
legðu orð í belg gerðist
ekkert í þá veru á þeim 100
árum sem liðu frá um 1647,
þegar hugleiðingar Vísa-Gísla
Magnússonar voru lagðar
fram, þar til um 1750 þegar
Innréttingarnar svokölluðu
voru stofnaðar, til að standa
að allsherjarviðreisn lands-
haga á Íslandi.

Nokkrar breytingar urðu á
ullarvinnslu í Múlasýslum á
seinni hluta 18. aldar, þó svo

að vefsmiðjur sem slíkar hafi
ekki náð fótfestu. Hinn vand-
aði þrjónaiðnaðar á heimilum
styrktist og garnspuni breid-
dist út. Kaupmenn stuðluðu
að aukinni ullarvinnslu og er
ástæða til að ætla að versl-
unarstaðirnir hafi haft meiri
áhrif á hvað framleitt var en
áður hefur verið talið.

Sérstöðu Austurlands má
kannski lýsa þannig að
jafnframt því sem aðgerðir
Innréttinganna náðu lítið til
Austurlands um miðja 18. öld,
hafi síðar verið tekið tillit til
þess þrjónaiðnaðar sem þar
hafði þróast og þótti góður.
Sjálfur vefnaðariðnaðurinn á
18. öld átti ekki greiða leið
austur fyrr en eftir 1780.
Aukin áhersla á vefnaðarnám
í Danmörku styrkti vefnað
á Austurlandi þegar lengra
leið, og bar ávöxt í byrjun 19.
aldar, m.a. fyrir tilstuðlan Jóns
Þorsteinssonar vefara sem
sneri aftur til heimahaganna
með iðn sína.

Hrefna Róbertsdóttir



**Samtökin Vefaraættin – niðjasamtök
voru stofnuð í maí árið 2007.
Þau halda úti vefsíðunni
<http://vefari.bloggar.is/>**

**Á síðunni má finna ýmsar upplýsingar um
hjónin Jón Þorsteinsson vefara og
Þóreyju Jónsdóttur og afkomendur þeirra.**

**Efni þessa bæklinga er fengið frá
afkomendum Jóns vefara og Þóreyjar.**

Ljósmynd: Harpa Hrund Njálisdóttir.



OPNUNARTÍMI

Minjasafnið er opið alla daga kl. 11-17
nema miðvikudaga, 11-19.
Þjóðháttadagar eru á miðvikudögum milli 17-19
og þá er ókeypis aðgangur að safninu.
Minjagripir, kaffi og bakkelsi til sölu.